

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 8. júní 2022
Málsnúmer: 202205-0019
SS/LA/BK/OKV

Efni: Umsögn um matsáætlun Holtavörðuheildarlínu 1

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 10. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna framkvæmdar Landsnets hf. á Holtavörðulínu 1.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að í það heila komi fram það helsta sem mikilvægt er að fjallað sé um í matsáætluninni. Náttúrufræðistofnun telur að verið sé að leggja mat á réttu umhverfisþættina og skilmerkilega er greint frá ólíkum valkostum. Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri varðandi áætlað mat á einstökum umhverfisþáttum:

Jarðmyndanir

Mikilvægt er að lagt sé mat á verndargildi jarðmyndana sem verða fyrir raski á línuleiðinni eða efnistökusvæðum. Þótt engar jarðmyndanir falli undir ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) um sérstaka verndun þá finnast m.a. ýmis ummerki um jöklunarsögu síðjökultíma í Borgarfirði og Hvalfjarðarsveit. Huga þarf að áhrifum á lághitasvæði við Hvítá og Reykjadalásá og meta þarf áhrif á fjölbreytilegar bergmyndanir á svæðinu sem og mögulega fundarstaði steingervinga. Skoða þarf samspil áhrifa á jarðmyndanir og landslag vandlega.

Náttúrufræðistofnun vill benda á jarðfræðikort stofnunarinnar í 1:250.000 frá 1994 (blað 2) þar sem sjá má helstu drætti í berggrunni svæðisins. Hægt er að nálgast prentað kort hjá stofnuninni.

Í umfjöllun um efnistökusvæði þarf að gera grein fyrir gerð efnisnáma s.s. jarðmyndun og setgerð. Áætla þarf efnisþörf úr hverri námu eins og hægt er.

Gróður

Í kafla um gróður segir að framkvæmdin „geti“ skert gróður á framkvæmdasvæðinu. Náttúrufræðistofnun telur öruggt að gróður muni skerðast í töluverðum mæli, um það er enginn vafi enda um stóra framkvæmd að ræða.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að í skýrslu stofnunarinnar „Framkvæmdaáætlun 2018: svæðaval og ávinningur verndar“ er fjallað um endurskoðun á verndargildi vistgerða. Skýrslan er aðgengileg hér: <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>.

Sérstaklega er fjallað um skógrækt í kafla 9.9 “Landbúnaður og skógrækt”. Náttúrufræðistofnun telur því ekki ástæðu til að horfa einnig til áhrifa á ræktaða skóga í gróðurmatinu.



Varðandi verndargildi einstakra plöntutegunda ber að minnast á nýlega auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Sjá hér:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9ee5ca6c-c4f5-4263-a9b8-e34dc6fdd984>

Fuglar

Til að leggja mat á áhrif áflugs er mikilvægt að tíðni athugana sé há. Ekki kemur fram hversu oft verður gengið meðfram núverandi háspennulínu nálægt búsvæðum blesgæsa í og við Andakíl, en til að matið sé marktækt ætti að endurtaka athuganir nægjanlega oft til að náð sé yfir aðalfartímann bæði að vori og hausti. Bent er á greinargerð sem Náttúrufræðistofnun vann fyrir Landsnet árið 2020 þar sem lagt er mat á aðferðir við rannsóknir á áflugi. Ekki er stefnt að því að meta áflug á öðrum mikilvægum fuglasvæðum á línuleiðinni en að mati Náttúrufræðistofnunar þyrfti að skoða áflugstíðni meðfram núverandi línu á Holtavörðuheidi þar sem bæði álf og himbrimi verpa.

Vatnalíf

Jákvætt er að tekið verði tillit til verndargildis ferskvatnsvistgerða. Skoða þarf sérstaklega hvort kaldar eða heitar uppsprettur séu á línuleiðinni sem gætu orðið fyrir raski.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

